# Opinn skógur

Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði fyrir almenning til útivistar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

# Open forest

The goal of the project is to open forests and forestry sites to public recreation, by setting up recreation facilities and providing educational information on the nature and history of each forest.

## GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND
## TREAD LIGHTLY - DON'T LITTER

## Velkomin í skóginn
### Welcome to the forest

- **Upplýsingar** Information
- **Bílastæði** Parking
- **Skógarhús** House
- **Borð og bekkir** Picnic area
- **Trjásafn** Tree collection
- **Grill** Barbecue
- **Útsýni** Viewpoint
- **Tjörn** Pond
- **Ratgerði** Labyrinth

**Þú ert hér**
**You are here**

Skógræktarfélag Íslands - The Icelandic Forestry Association
Sími/Tel.: 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is




**Vegir og stígar**
**Roads and paths**

- **Gönguleiðir** Walking paths
- **Slóði** Walking trail
- **Akvegur** Road
- **Vatnsfall** Stream/river

- **Álfholtshringur** 700 m
- **Helluholtshringur** 750 m
- **Mýrarhringur** 1.450 m
- **Lækjarhringur** 550 m
- **Axlarhringur** 1.500 m

1. **Rauðgrenilundur** Norway spruce grove
2. **Lerkirjóður** Larch clearing
3. **Reynilundur** Rowan grove
4. **Ástarlaut** Love hollow
5. **Fuglaþúfan** Bird tussock
6. **Húsflöt** House lawn
7. **Óskatré** Wishing tree
8. **Álfasteinn** Elf stone

# Álfholtsskógur

## Skógræktar- og útivistarsvæði Skógræktarfélags Skilmannahrepps

Félagið var stofnað af ungu fólki með ungmennafélagshugsjón 17. desember 1939 á Litlu-Fellsöxl og hét þá Samvinnufélagið Hreyfill og hafði ýmis mál á stefnuskránni, m.a. skógrækt.

Nafni félagsins var fljótlega breytt í Skógræktarfélag Skilmannahrepps. Þar með var skógrækt orðin eitt af aðal markmiðum félagsins.

Í stefnuskrá segir meðal annars:

1. Tilgangur félagsins og markmið, er að efla félagsskap í hreppnum og starfa að ýmsum þeim málum, sem til gagns og menningar geta talist.
2. Fyrst og fremst tekur félagið skógrækt til meðferðar, og ákveður að girða einn eða fleiri bletti, sem það getur fengið til umráða.

Fyrsta landspilda til skógræktar var fengin 1940. Magnús Símonarson á Stóru-Fellsöxl lagði til spildu úr landi sínu undir skógrækt í kjölfar þess að Hákon Bjarnason, þáverandi skógræktarstjóri, gerði úttekt á landkostum í sveitinni.

Girt var í kringum landið og handgrafnir skurðir á tvo vegu til að þurrka það, því þetta var blautt land og er enn. Seinna bættust við hálfgrónir melar og klapparholt. Byrjað var á að herfa hluta landsins og sá í það birkifræi. Síðar voru fengnar berrótarplöntur, aðallega birki og eitthvað af reyni.

Árið 1963 var fengið meira land í framhaldi af því sem fyrir var. Var þá stækkað til vesturs að Brunná, sem er á landamerkjum Litlu-Fellsaxlar, og í austur að Sellæk sem er rétt fyrir vestan Fannahlíð. Gerður var samningur um landið og undirritaður 20. maí 1964.

Aftur var stækkað 1983. Til norðurs fyrir neðan Selhæð 25 ha. niður að gamla Akrafjallsveginum (Fellsaxlarvegi). Meira land var fengið 10 árum síðar, austan Fellsaxlarvegar, ca. 21 ha., þar sem er Álfholt. Síðasta stækkun var 2003, sem nær upp á brekkubrún í norðaustur frá Fannahlíð og að þjóðvegi 1, um það bil 22,5 ha. Núverandi svæði í umsjá félagsins er u.þ.b. 75 ha. Búið er að planta um það bil 220 þúsund plöntum í svæðið frá upphafi sem er að mestu fullplantað nema mýrarsvæðið austanvert. Mest er af birki, ösp, greni, furu, lerki og reyni. Víðiplöntur af ýmsu tagi voru notaðar í skjólbelti í upphafi.

Skilmannahreppur og síðar sameinað sveitarfélag, Hvalfjarðarsveit, hefur stutt vel við félagið, bæði með útvegun lands og með beinum fjárstuðningi og velvild, m.a. ákveðið að leiguland það sem félagið hefur til umráða verði ekki tekið undir annað eða selt.

Frá upphafi hafa verið góðir stígar í skóginum og hefur verið unnið markvisst að því að opna skóginn meira með stígagerð og grisjun. Bætt hefur verið við fjölda tegunda trjáa og runna til þess að auka við upplifun þeirra sem um skóginn fara. Fjöldi tegunda trjáa og runna er meira en 130.

Skilti hafa verið sett upp til að merkja göngustíga um allt svæðið og önnur til að benda á sérstaka eftirtektarverða náttúru eða fyrirbæri. Safnað hefur verið örnefnum og önnur búin til, til að leiða fólk um skóginn.

## Recreational forest - Skilmannahreppur Forestry Association

The Skilmannahreppur Forestry Association was founded in 1939 and got its first land for forestry in 1940, from the farmer Magnús Símonarson at Stóra-Fellsöxl.

The area was fenced in and two ditches dug by hand to drain it, as it was (and still is) fairly wet. The first forestry efforts consisted of seeding birch, with saplings of birch and rowan planted later.

The forest area has been expanded several times (1963, 1983, 1993 and 2003) and now totals around 75 hectares. Over 200.000 trees have been planted since the beginning, mostly birch, aspen, spruce, pine, larch, willows and rowan.

The Association has received good support from the local municipality. From the start emphasis has been placed on opening the forest for recreation by building up suitable infrastructure (e.g. paths, benches, picnic areas, information signs) and enhancing the visitor experience by increasing the variety of tree and shrub species in the forest that currently number over 130.

### Óskatré -
### Wishing tree

**Askur - Ash - Fraxinus excelsior**

Askur Yggdrasils (Lífsins tré) – tengist norrænni goðafræði sterkum böndum og vex í gegnum heiminn. Það er miðpunktur Ásgarðs, þar sem ein rótin stendur, önnur er í Mímisbrunni og sú þriðja í Niflheimum. Trénu fylgir orka, fegurð, þroski og viska. Það er sagt hafa mikið vald, geymi mörg leyndarmál og í greinum þess fæðist sálin.

Það er því ekki fráleitt að gera það að Óskatré í skóginum þar sem maður getur fest á það merki sem staðfestir áheit eða ósk með von um að úr rætist.



Make a wish and put it on the tree!